

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MARS 2014

3. tbl. 21. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðaryogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Hólagarði og Arnarbakka



Samstarfssamningur menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og aðila vinnumarkaðarins um tilraunaverkefnið Menntun núna var undirritaður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergji 14. mars sl. Á myndinni má sjá Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra og Jón Gnarr borgarstjóra undirrita samninginn. Nánar er fjallað um verkefnið á bls. 2 og 10.
Mynd: Katrín Kristín.

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



PANTAÐU Á NETINU

www.dominos.is sími 58-12345

Opið allan sólarhringinn!

OPIÐ **24** TÍM



Iceland

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Allt sem skiptir máli um íbúðalán á landsbankinn.is/istuttumali

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Fjölbreytt tilboð

Nauta Rib-eye

Verð áður 4.549 kr./kg.

Verð núna 3.694 kr./kg.

Nauta Snitzel

Verð áður 3.179 kr./kg.

Verð núna 2.539 kr./kg.

1/1 Feskur Kjúklingur

Verð áður 1.149 kr./kg.

Verð núna 898 kr./kg.

Nauta Fillé

Verð áður 4.998 kr./kg.

Verð núna 3.998 kr./kg.

Nauta Gúllash

Verð áður 3.129 kr./kg.

Verð núna 2.299 kr./kg.

MS Páskaostakaka

Verð áður 1.298 kr.

Verð núna 1.098 kr.

Myllu Heimilisbrauð

Verð áður 410 kr.

Verð núna 289 kr.

Pepsi 4 pack 2 lítra

Verð áður 2.188 kr.

Verð núna 998 kr.



Bín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

3. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Hverfafulltrúar í borgarstjórn

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi viðrar athyglisverða hugmynd í viðtali hér í blaðinu. Hún er sú að einstakar byggðir eða borgarhverfi eigi sína eigin fulltrúa í borgarstjórn. Þessi hugmyndafræði er ekki ný af nálinni þótt hún hafi ekki verið reynd hér á landi. Hún hefur komið til framkvæmda í ýmsum borgum í öðrum löndum og þykir almennt hafa tekist vel.

Á síðustu árum hafa komið fram vaxandi kröfur um íbúalýðræði og gagnsæi í stjórnsýslunni. Ástæður þess eru af ýmsum toga. Að einhverju leyti vegna hugmyndalegra áhrifa erlendis frá. Að öðru leyti vegna byltingar í upplýsingatækni og þriðju ástæðuna má að líkum rekja til fjármálahrunsins hér á landi á haustdögun 2008. Fólk spyr gjarnan hvernig það hafi getað gerst.

Eitt af því sem menn sjá til þess að svara kalli nýrra tíma í þessu efnum er að tengja fulltrúa fólksins betur við ákveðin heimkynni – við ákveðna grasrót í sinni heimabyggð. Ein þeirra aðferða sem til greina kemur við slíkar tengingar er að þeir séu kjörnir af ákveðnum byggðahluta og sé ætlað að starfa fyrir hann að verulegu leyti.

Hugmynd þessa má útfæra með ýmsu móti. Hvaða byggðir eða hverfahlutar myndi kjördæmi hverfafulltrúa í stjórnkerfinu og hvernig kjöri þeirra yrði háttað. Líklegt má telja að hefðbundnir stjórnmalaflokkar og framboðsöfl myndu bjóða fram til kjörs hverfafulltrúa en einnig má ætla að önnur öfl yrðu til innan viðkomandi hverfa og byggða sem biðu fram til að fá hverfafulltrúa kjörna.

Áður hefur því verið haldið fram á þessum vettvangi að Breiðholtið sé hentug stjórnsýslueining. Stærð og lega byggðarinnar sé með því hentugra sem finnist í Reykjavík. Sjá má nokkurn vísu að hverfisstjórn í tilrauna-
verkefni sem nú stendur yfir með hverfisstjóra í Breiðholti.

Ekki verður annað séð en grundvöllur sé fyrir hendi að hrinda hugmynd á borð við þá sem Júlíus Vífill setur fram í framkvæmd. Í því efni er Breiðholtið fremst á meðal jafningja. Önnur hverfi koma að sjálfssöggðu til greina og má sérstaklega nefna Grafarvog í því efni þar sem aðstæður eru líkar og í Breiðholti. Í raun er hægt að framkvæma þessa hugmynd í öllum hverfum eftir að kjördæmamörk þeirra hafa verið dregin.

Menntun núna

Menntun núna er tilrauna-
verkefni menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og aðila vinnumarkaðarins. Með inmarkmið verkefnisins er að auðvelda fólki á aldrinum 18 til 54 ára, sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi að hefja nám að nýju og að styrkja aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Verkefnið er staðsett í Gerðubergi, þar sem ætlunin er m.a. að bjóða upp á: Ráðgjöf: Náms- og starfsráðgjöf, fjárhags- og félagsráðgjöf og ráðgjöf varðandi stöðu-
próf í íslensku og umsókn um ríkisborgararétt. Nám og námsstuðning: Fræðsla á fimmtudögum. Námsbrautir, íslenskunám og samfélagsfræðsla frá Mími. Námsþópar og stuðningskennsla fyrir þátttakendur. Raunfærnimat og mat á námi og starfsreynslu til styttingar framhaldsskólanáms. Verkefnið mun njóta góðs af þeirri aðstöðu, félags- og menningarstarfi sem er til staðar í Gerðubergi auk þess að byggja á þekkingu og reynslu samstarfsaðila í verkefnisstjórn.

Nám er vinnandi vegur

Undirbúningur Menntun núna hófst í september 2013 og verk-



Þau starfa að verkefninu Menntun núna. Stefanía G. Kristinsdóttir, Björn Vilhjálmsson, Mirela Protopapa. Á myndina vantar Sesselju Pétursdóttur náms- og starfsráðgjafa frá Fjölbraut í Breiðholti sem einnig starfar í verkefninu. Mynd: Katrín Kristín.

efninu lýkur í ágúst 2015. Reykjavíkurborg leggur til aðstöðu og vinnuframlag starfsmanna sinna og samstarfsaðilar leggja til námsskeið og ráðgjöf. Verkefnið var kynnt á fundi í Gerðubergi að lokinni undirskrift menntamálaráðherra og borgarstjóra. Stefanía G. Kristinsdóttir verkefnisstjóri, Jannete Bernardino Buenaventura nemandi í félagsliðanámi hjá Mími símennt-

un, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautarskólans í Breiðholti og Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Mímis símenntunar kynntu verkefnið en auk þeirra tóku Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra og Jón Gnarr borgarstjóri til máls á fundinum. Fundarstjóri var Björn Vilhjálmsson verkefnisstjóri Menntun núna.

Miklar endurbætur á Breiðholtsskóla

Alls verður 153 milljónum króna varið til viðhalds og endurbóta á húsnaði, búnaði og skólalóð Breiðholtsskóla á þessu ári.

Til endurbóta á eldra húsnaði verður varið 70 milljónum króna, búnaður verður endurnýjaður fyrir allt að 20 milljónir króna og sundlaug skólans endurnýjuð fyrir 6 milljónir kr. Þá verður ráðist í fyrsta áfanga að endurgerð skólalóðar fyrir andvirði 50 milljóna króna á árinu.

Með þessum framkvæmdum er farið að niðurstöðum vinnuhóps sem gerði úttekt á ástandi skólans á árinu sem leið. Hópurinn lagði til framkvæmdir fyrir vel á annan milljarð króna og að jafnframt yrði ráðist í viðbyggingu við skólann. Borgarráð samþykkti á fundi sínum 6. mars að taka þá tillögu upp við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015.



Breiðholtsskóli í Neðra Breiðholti er elsti skólinn í hverfinu og farin að þarfnast umtalsverðra endurbóta.

VT FASTEIGNIR ER FASTEIGNASALAN ÞÍN

Hafðu samband í síma 537-9988

Höfum á skrá ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignaflokkum:

Sérbyli, verðmæti allt að kr. 50 milljónir.

2ja til 4ra herbergja íbúðum í Bakka-, Hóla-, Fella- og Seljahverfi, verðmæti allt að kr. 25 milljónir.

Finum fyrir mikilli eftirspurn eftir 4ra herbergja íbúðum í Seljahverfi.

Við erum búsett í hverfinu og þekkjum það vel.



Guðrún A. Aðalheiðard.
Sölufulltrúi
Sími 861 8046
gudrun@vtfasteignir.is



Kristinn Tómasson
Lögg. fasteignasali
Sími 820 6797
kristinn@vtfasteignir.is

Djúp og breið

Listahátíð í kirkjum Breiðholts Breiðholtskirkja, Seljakirkja, Fella- og Hólakirkja

29. mars

Breiðholtskirkja kl. 16:00

Opnun hátíðarinnar

Skáldin Sjón, Sigurður Pálsson,
Sigurbjörg Prastardóttir og
Vilborg Dagbjartsdóttir
lesa úr verkum sínum
Tónlistarflutningur
Allir velkomnir

31. mars

Seljakirkja kl. 20:00

Leiksýning

Möguleikhúsið sýnir leikritið
Eldklerkurinn
Aðgangseyrir 2000 kr.

1. apríl

Breiðholtskirkja kl. 20:00

Tónleikar

Spilmenn Ríkínís flytja íslenska
miðalda- og endurreisnartónlist
við undirleik fornra hljóðfæra
Aðgangseyrir 2000 kr.

**Breiðholtskirkja og
Fella- og Hólakirkja**

kl. 17:00 - 19:00

Opnun listsýninga

Nemendur á listnámsbraut
Fjölbrautaskólans í Breiðholti
sýna verk sín

Fella- og Hólakirkja kl. 15:00

Starf eldri borgara

Gerðubergskórinn syngur
undir stjórn Kára Friðrikssonar
ásamt kórnum Hljóm frá
Akranesi undir stjórn
Katrínar Valdísar Hjartardóttur

2. apríl

Breiðholtskirkja kl. 12:00

Bænastund

Kvennakórinn Seljurnar syngur

3. apríl

Seljakirkja kl. 19:30

Tónleikar æskunnar

Fram koma barnakórar kirknanna,
Skólahljómsveit Árbæjar og
Breiðholts, nemendur
Tónskóla Sigursveins
og Tónskóla Eddu Borg
ásamt óvæntum gestum
Kynnir er Ólafur Jóhann Borgþórsson
Allir velkomnir

4. apríl

Fella- og Hólakirkja kl. 20:00

Jazztónleikar

Nokkrir af fremstu
jazzpíanistum þjóðarinnar
leiða saman hesta sína
Spunnið verður út frá stefnum
eldri og yngri sálmalaga
Aðgangseyrir 2000 kr.

5. apríl

Fella- og Hólakirkja kl. 17:00

Lokatónleikar hátíðarinnar

Kór Breiðholtskirkju, Kór Seljakirkju, Kór Fella- og Hólakirkju, Kór Kópavogskirkju og
Lögreglukórinn í Reykjavík ásamt einsöngvara og kammersveit flytja **Requiem** eftir
breska tónskáldið John Rutter undir stjórn Guðnýjar Einarsdóttur
Einsöngvari er Marta Guðrún Halldórsdóttir
Aðgangseyrir 2500 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á <https://www.facebook.com/djupogbreid>

VIÐTALIÐ

Borgarhverfin eignist sína borgarfulltrúa

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi segir tíma kominn til þess að ihuga hvort einstök borgarhverfi eða borgarhlutar eigi sína eigin borgarfulltrúa. Þetta fyrirkomulag sé þekkt erlendis. „Ég hef verið að velta þessu fyrir mér að undanförunu en ekki varpað því fram fyrir en nú. Ég held að sveitarstjórnir eigi alltaf að vera að endurskoða og þróa lýðræðis-hugtakið og við verðum að skoða þennan möguleika með opnum huga. Ef framtíðin liggur í þessu þá er Breiðholtið sérstaklega heppilegur vettvangur fyrir hugmyndir af þessu tagi. Íbúafjöldinn er fyrir hendi og byggðin skýrt afmörkuð. Ég get vel séð fyrir mér að Breiðholtið eigi sinn eða sína borgarfulltrúa.” Júlíus Vífill spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

„Ég er ekki uppallinn í Breiðholtinu en ég sagði krökkunum mínum stundum frá því þegar ég fór með þau í sunnudagsbíltúra að ég hefði byggt hluta af Breiðholtinu. Auðvitað var þetta pabbagrobb sagt í gríni en þó var örlítið sannleikskorn að baki vegna þess að ég vann sumarlangt sem handlangari við að byggja blokk í Bökkunum. Jón Hannesson byggingameistari var að byggja blokkina og ég fékk sumarvinnu hjá þeim mikla heiðursmanni. Mig minnir að þetta hafi verið fyrsta alvöru sumarvinnan mín og í minningunni var þetta ævintýri fyrir unglinginn sem var kominn í erfiðisvinnu. Ég stend enn föstum fótum á því að það hafi verið sólskin allt sumar. Lærði að vinna og kynntist mörgu góðu fólki.“

Saga Breiðholtsins er einstök

Júlíus segir Breiðholtið vissulega hafa verið með allt öðrum brag þá en í dag. „Byggðin var að rísa en stórir hlutar þessa svæðis voru bara holt og mór. Á þessum tíma gat ekki hvarflað að mér unglingnum að þarna ætti eftir að rísa fjölmennasta hverfi Reykjavíkur. Hverfi sem er fjölmennara en Akureyri.“ Júlíus segir hugmyndina að baki Breiðholtinu vera einstaka í sögunni. „Ákveðið var í kjarasamningum á vinnumarkaði á sjöunda áratugnum að vinna hratt að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis í Reykjavík. Einkum því sem orðið hafði til á hernámsárum síðari heimstyrjaldarinnar og var reist sem bráðabirgðahúsnæði. Húsnæðisvandinn var mjög mikill. Framkvæmd þessara hugmynda varð síðan að kaupa Breiðholtsjörðina og skipuleggja stóra íbúðabyggð þar. Aðstæður á húsnæðismarkaði eru aðrar núna en staðan er engu að síður mjög alvarleg og mikilvægt að sveitarfélög leggi sitt af mörkum til að ýta undir uppbyggingu á íbúðum fyrir ungt fjölskyldufólk hvort heldur það stefnir að því að leigja eða kaupa sitt eigið húsnæði. Það er komið alveg nóg af skýrslum og nefndum og tíminn hefur farið of mikið í að tala um hlutina frekar en að framkvæma, því miður.“



Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi á þeim slóðum sem hann vann sumarlangt í byggingarvinnu í Bökkunum í Breiðholti.

Íbúum hverfanna finnst þeir vera afskiptir

Júlíus Vífill segir að hann hafi velt fyrir sér nýjum leiðum í stjórnsýslu. „Þjónustukannanir sveitarfélaga sýna glögglega að íbúar eru ánægðari í minni sveitarfélögum þar sem nálægðin er meiri. Reykjavík fékk í síðustu þjónustukönnun lægstu einkunn í samanburði við öll önnur sveitarfélög í mikilvægustu málaflokkunum. Það er auðvitað áhyggjuefni. Ein helsta skýringin hlýtur að vera að mörgum Reykvíkingum finnist þeir vera afskiptir og upplifa að áherslur borgaryfirvalda séu annars staðar en í þeirra hverfi og þar er rétt að sum hverfi hafa fengið mun minni athygli en önnur. Það hefur til dæmis komið fram í skorti á viðhaldi eins og hér í Breiðholtinu. Það hverfi er hins vegar kjörin stærð og vettvangur til þess að prófa sig áfram í auknu og beinna lýðræði og þá finnst mér koma til greina að hverfið eigi sinn eða sína eigin borgarfulltrúa sem yrðu kjörnir sérstaklega. Reyndar eru fleiri hverfi þess eðlis en mér finnst Breiðholtið vera sérstaklega áhugvert að þessu leyti. Það mætti til dæmis miða við ákveðinn íbúafjölda við þróun þessara hugmynda. Að einhverju leyti getur þetta verið svar við því að það er óumflýjanlegt að hugtak eins og íbúalýðræði hafi í hugum fólks ekki mikið gildi þegar 70 þúsund manns mótmæla aðalskipulagi Reykjavíkur og við því er ekki brugðist.“

Verðum að fylgja viðhaldspörfinni eftir

Júlíus Vífill segir að við undirbúning borgarstjórnarkosninganna 2006 hafi verið ákveðið að kæmust sjálfsæðismenn til áhrifa í borgarmálunum yrði það eitt af fyrstu verkum þeirra að snúa sér að Breiðholtinu. „Við fórum allir borgarfulltrúarnir með Vilhjálm Þ. Vilhjálmssyni þáverandi borg-

arstjóra og Breiðholtsbúa til margra ára um hverfið og tókum til hendinni við þrif. Auðvitað var það táknræn aðgerð en með henni vildum við sýna hvar áherslurnar lægju. Breiðholtið byggðist mjög hratt upp – með miklu meiri hraða en gert hafði verið ráð fyrir og svo var eins og hverfið hefði bara gleymst. Uppbyggingin í borginni hélt áfram og borgaryfirvöld snéru sér að öðrum hverfum. En hvað sem því líður þá er eitt af verkefnum borgaryfirvalda að sinna þjónustu í byggðum og grónum hverfum og fylgja viðhaldi og þrifum eftir. Tölurnar sína að viðhaldið er ófullnægjandi. Það blasir við.“ Júlíus Vífill segist oft fá símtöl frá fólki sem finnst að betur megi standa að þrifum og kvartar yfir að þeim fari hrakandi. „Ég sé því fyrir mér að veita verði meira viðhaldsfé í Breiðholtið. Enginn þekkir hverfið betur en þau sem þar búa og það er okkar hlutverk að hlusta og bregðast við þegar ábendingar berast um það sem betur má fara.“

Vekja gömlu þjónustukjarnana

„Annað sem við verðum að huga að í Breiðholtinu er að færa aftur líf í gömlu þjónustukjarnana. Við skipulagningu Breiðholtsins var gert ráð fyrir ýmissi nærþjónustu í göngufjarlægð frá íbúunum. Breytingar í verslunarháttum urðu til þess að þessi þjónustusvæði misstu sitt hlutverk að miklu leyti. Innkaupavenjur hafa breyst og verslun og þjónusta hefur flutt annað. Auðvitað einkum í stærri miðstöðvar utan íbúðasvæðanna og kaupmaðurinn á horninu á erfiðara uppdráttar. Þetta var þróun sem skipulagshönnuðir og borgaryfirvöld sáu ekki fyrir á þeim tíma sem bygging Breiðholtsins hófst. Þegar ég var formaður menntaráðs á síðasta kjörtímabili stóð ég fyrir því að einn slíkur kjarni við Kleifarsel 18 var tekinn til endurnýjunar og gefið nýtt hlut-

verk. Þar hafði verið hverfisverslun sem hafði runnið sitt skeið og þá breyttist starfsemi hússins í lagerhúsnæði fyrir byggingavörur og ýmislegt annað sem fór engan vegin vel í nágrenni skólans og íbúðabyggðarinnar og yfir þessu kvörtuðu íbúar og stjórnendur Seljaskóla. Borgin keypti húsnæðið, lét laga það og leigði síðan út fyrir nýja starfsemi. Nú starfar Tónskóli Eddu Borg þar af krafti og þar er einnig frístundaheimilið Hellirinn. Í dag blómstrar starfsemi í Kleifarseli 18 sem tengist skólanum og umhverfinu í góðri sátt og samlyndi við íbúana.“ Júlíus Vífill segir að þegar þessi svæði beri á góma komi Arnarbakkinn í nágrenni Breiðholtsskólans og Eddufellið einnig upp í hugann. „Þar eru aðstæður um margt svipaðar og voru í Kleifarselinu. Til að breytingar verði farsælar þarf borgin að koma að þessu með beinum hætti. Það þarf að losa þessi svæði sem áttu upphaflega að verða þjónustukjarnar úr þeirri stöðnun og niðurniðslu sem þau eru í núna. Reynslan hefur þegar kennt okkur að breytingarnar gerast ekki að sjálflu sér.“

Áhugi á gönguleiðum og öruggri umferð

„Á síðasta kjörtímabili hélt ég íbúafundi í öllum hverfum borgarinnar til þess að fá það fram hvað fólk vildi leggja áherslu á í aðalskipulagi Reykjavíkur. Flestir borgarbúa nefndu þorpsanda og hverfiskjarna. Fólk vill hafa þjónustuna í hverfinu og vill geta sótt sér þjónustu gangandi eða hjólandi. Þarna er orðin ákveðin og jákvæð hugarfarsbreyting á undanförunum áratugum en þrátt fyrir hana vill fólk einnig að bílaumferðin og almenningssamgöngur eigi greiðan aðgang til og frá hverfinu sínu. Þessi umferðarmáttar þurfa því að þróast og vaxa saman en ekki í andstöðu eða togstreitu.“

Samgöngumannvirki verða að falla að umhverfinu

Júlíus Vífill segir Miklubrautina dæmi um leið sem anni ekki lengur þeirri umferð sem um hana fer og margir sem búi í Breiðholti fara hana á hverjum einasta vinnudegi. „Talið er að allt að 180 þúsund bílar fari um gatnamót Miklubrautar og Sæbrautar á hverjum sólarhring. Þar með eru þetta stærstu gatnamót landsins. Þarna verða þó mjög sjaldan umferðarslys enda eru mislæg gatnamót fyrst og síðast árangursrík leið til að auka umferðaröryggi. Auðvitað þarf að gera mislæg gatnamót víðar á Miklubrautinni, auka umferðarflæðið og bæta öryggi allra ferðamáta. Hættulegustu gatnamót landsins eru Miklubraut og Grensásvegur og það verður að bregðast við því. Við eigum að fá okkar færasta fólk til að hanna samgöngumannvirki þannig að þau falli sem best að umhverfinu og vel mætti hugsa sér að setja slíka hönnun í samkeppni. Þegar hafa verið skoðaðar áhugverðar lausnir fyrir mislæg gatnamót við Miklubraut og Kringlumýrarbraut þar sem önnur gatan fer ekki yfir hina á brú eins og vanalega er gert heldur undir. Þó hefur enginn áhugi verið á þessari framkvæmd á kjörtímabilinu.“

Ekki óskað eftir aðkomu vegagerðarinnar

„Vegagerðin hefur sett nánast ekkert fé í nýframkvæmdir í Reykjavík á undanförunum árum enda hafa borgaryfirvöld ekki óskað eftir því. Við komust ekki hjá því að hugsa fyrir bílnum sem höfuðsamgöngutækið, hvort heldur það er fjölskyldubíllinn eða almenningsvagninn. Mislæg gatnamót myndu bæði koma Breiðhylltingum sem öðrum borgarbúum til góða í greiðari umferð og mun minni slyshættu og borga sig upp á skómmum tíma. Og fyrst ég er farinn að tala um umferðina er ekki úr vegi að nefna gönguleiðir og hjólaleiðir. Sem betur fer hefur verið haldið áfram með þá hjóleiðaáætlun sem við samþykktum á síðasta kjörtímabili.“

Breiðhylltingar hafa áhuga á umferðaröryggi

„Breiðhylltingar hafa bersýnilega mikinn áhuga á umferðaröryggi og gönguleiðum. Af 20 atriðum sem kosið var um í Betri hverfi snúast 11 atriði einmitt um þessi mál. Góðar gönguleiðir tryggja samgang á milli borgarhlutans og að allir geti nýtt sér þá þjónustu sem í boði er. Það þarf að skoða leiðina úr Seljahverfi yfir í efra Breiðholtið. Íþróttahús og sundlaugin eru í Efra Breiðholti og engin góð gönguleið er þangað úr Seljahverfi nema að fara yfir Breiðholtbrautina. Þetta getur engan vegin talist nægilega gott.“

Öflugt félagslíf

Júlíus Vífill segir erfiðara að horfa upp á það sem vannýtt er vegna þess að margt er vel gert

í Breiðholtiinu. Skipulagið er gott og útivistarsvæðin eru einstök. Einnig hefur þróast gott mannlíf í Breiðholtiinu og félagslífið er öflugt. Einkum eldri borgara og vil ég í því sambandi minnst sérstaklega á það mikla starf sem Guðrún Jónsdóttir skipulagið og stýrði í Gerðubergi frá upphafi starfsemi í húsinu og þar til hún lést á liðnu hausti. Guðrún lagði traustan grunn að félagsstarfi aldraðra sem smám saman er að teygja sig til fleiri aldurshópa. Gerðuberg er annars ótrúlegur staður og ég hef sótt marga tónleika þangað. Alhliða menningarmiðstöð sem er hin eina sinnar tegundar í Reykjavík. Önnur hverfi skarta ekki slíku.

Spennandi tækifæri framundan

Júlíus Vífill nefnir að nú hafi verið ákveðið að setja peninga til viðgerða og viðhalds Breiðholtsskóla. „Þessi ákvörðun byggir á niðurstöðum fagleggrar úttektar sem ég lagði til að yrði gerð eftir að ég heimsótti skólann og sá hversu illa hann er farinn. Skólabyggingarnar eru farnar að drabbast niður og því mikið gleðiefni að nú skuli eiga að taka til hendinni. Eftir 2008 var dregið úr ýmiskonar viðhaldi í Breiðholtiinu sem annarsstaður. En við getum ekki beðið til eilíðar með nauðsynleg viðhaldsverkefni. Það er snjóhengja sem fellur á okkur síðar og verður erfiðari að takast á við því lengur sem beðið

er. Ég tel því að næstu verkefni í Breiðholtiinu muni snúast að miklu leyti um viðhald. Frá Breiðholti hafa ekki komið sterkar raddir um skipulagsbreytingar eða nýja uppbyggingu á opnum svæðum. Öðru nær, flestir virðast vera þeirrar skoðunar að hverfið megi bæta en ekki umbýlta. Við þurfum að leggja áherslu á nærþjónustuna

og fara vel ofan í það hvað hægt er að vinna til baka af því sem hefur horfið. Þar koma þjónustukjarnarnir við sögu og hvaða starfsemi hægt verður að finna og flytja þangað eða byggja upp sem getur þjónað íbúunum og skólunum. Við eigum að líta á þetta sem spennandi tækifæri og fá sem flesta til að koma með góðar hugmyndir.“



TAX FREE

FLUGFARDEGAR FÁ VSK
AF ÖLLUM GLERAUGUM

Reykjavík

GLERAUGNABÚÐIN

SÍMI 527 1515 MJÓDD GÖNGUGÖTU



ÞÚ PANTAR ÞENNA
AFKASTAMIKLA
KURLARA
Í SÍMA 864 3325

Tæki til leigu og sölu

TÆKI FAGMANNSINS

MINIGRÖFUR » KERRUR
BELTAVAGNAR » KEDJUSAGIR
HEKKKLIPPUR » STAURABORAR
STUBBATÆTARAR » SLÁTTUVÉLAR
STEINSAGIR » VALTARAR
LAUFSUGUR » KJARRSAGIR
VIBARKJÚFAR OG
ALLS KYNS GARDVINNUTÆKI



NÁNAR Á GARDHEIMAR.IS

COMBI-SYSTEM

EINN MÓTOR TENGIST Í MÖRG TÆKI



STIHL



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 864 3325 • leiga@gardheimar.is

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.

Kebab eXpress



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Coca-Cola



GERÐUBERGSSAFN



Á döfinni

ÍTÖLSK TUNGA OG MENNING

29. mars kl. 14

Café Lingua á vespu til Rómar.

Upplifðu fjölbreytileika Ítalíu í Gerðubergssafni. Félagsmenn í Ítalska félaginu á Íslandi og Móðurmáli veita innsýn í ítalska tungu og menningu. Allir velkomnir! Kaffi og te á könnunni.

PÁSKAFÖNDUR

12. apríl kl. 14

Laugardagar eru barnadagar.

Páskaföndur fyrir alla fjölskylduna í bókasafninu þar sem búið verður til skemmtilegt páskaskraut! Allt efni á staðnum. Boðið er upp á barnadaga alla laugardaga þar sem börnin geta átt góða stund við leik og lestur og stöku sinnum er boðið upp á skipulagða dagskrá.

FILIPPSEYSK TUNGA OG MENNING

26. apríl kl. 14

Café Lingua. Filippseyingar á Íslandi fræða gesti um tungumálið, mannlífið og menninguna á þeirra heimaslóðum. Café Lingua er fyrir allt áhugafólk um tungumál, mannlíf og samskipti. Allir velkomnir! Kaffi og te á könnunni.

AF BLOKKUM OG EKKI

29. apríl kl. 20

Bókakaffi - bókmenntaganga.

Í göngunni beinum við sjónum okkar að ljóðum sem kallast beint á við Breiðholtið eða ákveðna þætti í landslagi hverfisins og fabúlerum e.t.v. um stærra samhengi umhverfis, sögu eða ímyndar. Björn Unnar Valsson, bókmenntafræðingur og verkefnisstjóri í Borgarbókasafni leiðir gönguna.



**BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR**



Gerðubergssafn, sími 557 9122
gerduberg@borgarbokasafn.is
www.borgarbokasafn.is
www.bokvit.tumblr.com
www.bokmenntir.is - www.artotek.is
Afgreiðslutími:
Mán-þri og fim 10-18, mið 10-21,
fös 11-18, lau og sun 13-16



Heiman og heim

– sýning þriggja ungra kvenna

Heiman og heim samsýning þriggja ungra listakvenna úr Breiðholti.

Sýningin hefur staðið yfir í Gerðubergi, undirgöngum undir Austurberg og í húsnæði Breiðholtslaugar. Höfundar sýningarinnar eru þrjár listrænar og ferðaglaðar vinkonur sem tóku þátt í Heita pottinum – Betra Breiðholt í ár. Þær fengu úthlutað styrk til að setja upp sýningu á verkum sínum undir yfirskriftinni „Heima & heiman“.

Konurnar þrjá eru; Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir sem sýnir ljósmyndir og ljóð í norður

anddyri Gerðubergs. Brynja Bjarnadóttir sem sýnir ljósmyndir á íslenskum við í undirgöngunum undir Austurberg við Breiðholtslaug og Berglind Erna Tryggvadóttir sem sýnir ljósmyndir í húsnæði Breiðholtslaugar. Hitt húsið heldur utan um verkefnið Heiti Potturinn sem er sjóður en markmið hans er að úthluta styrkjum sem hvetja, virkja og styrkja ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára til skapandi starfa í sínu nærumhverfi. Tilgangurinn með sýningunni er að styrkja umhverfisvitund og efla jákvæða ímynd Breiðholtsins.

Ingigerður Guðmundsdóttir

Sjúkraþjálfari BSc

Hefur hafið störf hjá Sjúkraþjálfuninni í Mjódd.

Fyrir vinna á stofunni:

Héðinn Svavarsson sjúkraþjálfari MT, BSc

Berglind Pétursdóttir sjúkraþjálfari BSc

Jakobína Edda Sigurðardóttir sjúkraþjálfari BSc

Við fögnum 21 árs starfsafmæli í Mjóddinni og bjóðum Ingigerði velkomna í hópinn.



SJÚKRAÞJÁLFUNIN Í MJÓDD

Álfabakka 14, 109 Reykjavík
Tímamóttakir í síma 587 0122
sjumjodd@simnet.is



Handverkssýning í

Árskógum um helgina

Handverkssýning ársins 2014 verður haldin í Félagsmiðstöðinni Árskógum 4 28. og 29. mars kl. 13:00 til 17:00. Að vanda verða glæsilegir munir til sýnis sem unnir hafa verið í félagsmiðstöðinni og fristundamálarar sýna myndir sínar.

Handverkssýningin í Árskógum er jafnan viðburður í Breiðholti því öflugt handverksstarf hefur lengi sett svip á Árskóga. Í tilefni handverkssýningarinnar munu félagar úr Karlakörnum Kátum körlum syngja í Árskógum föstudaginn 28. mars kl. 15:00 og laugardaginn 29. mars kl. 14:00 mun Félag harmonikuunnenda leika fyrir gesti. Og svo má ekki gleyma Olgu og stelpunum í eldhúsinu sem sjá muni um glæsilegar kaffiveitingar.



Handverkssýningin undirbúin af kostgæfni.

Alltaf gaman í þrjónakaffi

Þrjónakaffi er haldið úti einu sinni í viku í Félagsstarfinu Gerðubergi og hittast þá konur og gera ýmsa handavinnu. Konur skiptast á að koma með kaffi og með því og koma þá allir með sinn eigin bolla.

Hún Ásta Guðfinna Kristinsdóttir gerði sér lítið fyrir og saumaði poka undir kaffibollann handa öllum konunum, svokallaðan bollapoka, til að verja bollann. Hér má sjá hluta af þessum skemmtilegu bollapokum.



Ásta Guðfinna Kristinsdóttir með pokana sína.

ÓDÝR HÚSGAGNA-, DÝNU- OG TEPPAHREINSUN

Við djúphreinsum: rúmdýnur, sófasett, tungusófa, hægindarstóla, teppi og mottur.

S: 780 8319 • Email: djuphreinsa@gmail.com

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

**Gerðu
góðverk
í dag**

907 2002



**Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.help.is

 **Gleraugað**

Vaxtalaus greiðslukjör
til allt að 12 mán
Sjónmælingar

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
568 18 00

Kringlan
Kringlunni 4-12
588 99 88

glerauga@glerauga.is
www.glerauga.is

Betra Breiðholt með margar spurningar til frambjóðenda

Íbúasamtökin Betra Breiðholt standa fyrir fundi með frambjóðendum vegna borgarstjórnarkosninganna í vor miðvikudaginn 9. apríl kl. 19:30 í Gerðubergi. Breiðholtið og íbúar þess eru aðalliður á dagskrá þessa fundar og verður íbúum gert mögulegt að spyrja gestina um þau málefni sem þeim liggur á hjarta.

Íbúasamtökin hafa haldið í þá hefð að bjóða frambjóðendum í borgarstjórnar kosningum og Alþingis kosningum til fundar beint við íbúa. Gert verður ráð fyrir að íbúar geti spurt frambjóðendur um hluti sem snúa að sínu nærumhverfi. Vonast er til þess að íbúar taki þennan tíma frá og nýti sér það að koma sínum málum að. Góð mæting sýnir frambjóðendum að íbúar hafi áhuga og þegar svona fjölmennt hverfi er um að ræða er ekki í boði annað en góð mæting.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti og verður það ekki af verri endanum.

Helgi Kristófersson formaður Betra Breiðholts segir að margt þurfi að útskýra fyrir íbúum. Nefna megi að einungis staðlað svar hafi borist við athugasemdum sem gerðar voru við nýtt aðalskipulag og nákvæmlega engu skilaði. Teknir hafi verið út af skipulagi hlutir sem hafa verið þar í 30 ár. Þá er spurningin, hvernig sé hægt að taka svona út af skipulagi án þess að gera grein fyrir því og auglýsa það. Hver sé með eftirlit á svona framkvæmd. Tilviljun ein



Fundur Betra Breiðholts með frambjóðendum verður í Gerðubergi.

hafi ráðið að stjórn Íbúasamtakanna tók eftir þessu. Greinilega þurfi að veita yfirlit aðhald þegar svona skipulagsleysi eigi sér stað þannig að ekki sé hægt að taka út af skipulagi án þess að gera íbúum grein fyrir því. Þarna vanti greinilega reglur og lög. Annað sem ræða á er hvað sé framundan í umferðaröryggi. Hvernig hugs

menn framkvæmd á skipulagi hverfisins. Hvenær eigi að ljúka við framkvæmdir í Stekkjarbakkann og hvenær eigi að setja hita efst í Höfðabakkann upp að Vesturhólum. Hægt verður að horfa á fundinn á netinu fyrir þá sem komast ekki en þeir geta ekki komið spurningum að. Slóðin er netsamfelag.is



ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



Úrval vandaðra úra og fallegra skartgripa til færingargjafa.

GULLSMÍÐURINN Í MJÓDD

Sími: 567 3550



Löður er með **rainx** á allan bílinn

- 🔹 Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
- 🔹 Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
- 🔹 Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540

Samflotið heldur áfram í Breiðholtslaug



Breiðholtslaug býður núna upp á Samflot einu sinni í mánuði. Samflotið er fljótandi slökunarstund sem mun fara fram þriðja miðvikudag hvers mánaðar.

Samflot er hugsað sem vett-

vangur fyrir fólk til að koma saman og njóta fljótandi slökunar og jafnvel hugleiðslu. Dagsetningar fyrir Samflot á næstu mánuðum eru; 19. mars, 16. apríl, 21. maí, 18. júní, 16. júlí og 20. ágúst

Færni úr atvinnulífinu getur stytt leiðina að starfsréttindum

Færni úr atvinnulífinu getur stytt leiðina að starfsréttindum. Við hittum Hildi Elínu Vigni framkvæmdastjóra ÍÐUNNAR fræðslusetur á skrifstofunni hennar í Borgartúni en ÍÐAN tekur þátt í verkefninu „Menntun núna“ sem hefur það að markmiði að efla menntun í Breiðholti. Fimmtudaginn 3. apríl kl. 17 verður haldinn kynningarfundur um Raunfærnimat í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Þar munu ÍÐAN og Mímir símenntun kynna raunfærnimat í um 30 starfsgreinum.

Hildur Elín er kennari, starfs- og námsráðgjafi og hefur unnið að starfsmenntamálum í atvinnulífinu í næstum tvo áratugi. Hún starfaði áður sem fræðslustjóri hjá Eimskip og Íslandsbanka auk þess að vinna sem ráðgjafi hjá IMG um fræðslumál, starfsmannamál og stjórnendabjálfun. Hildur hefur verið framkvæmdastjóri ÍÐUNNAR frá stofnun 2006 þegar ÍÐAN varð til með samruna menntafélaga í iðnaði.

Í maí mun ÍÐAN flytja starfsemi sína sem nú er á þremur stöðum í Vatnagarða 20 þar sem verið er að koma upp frábærri aðstöðu til verknáms. Þar stendur m.a. til að að bjóða grunnskólanemendum í heimsókn og kynna fyrir þeim handverk í ýmsum greinum. Hugmyndin er að kveikja áhuga á iðnnámi í grunnskóla en á Íslandi virðist vera mikil áhersla á bóknað þrátt fyrir að atvinnulífið kalli eftir verkmenntuðu fólki.

En hvað er raunfærnimat og hverjir geta nýtt sér það?

Raunfærni er sú færni og þekking sem einstaklingur hefur í raun. Hann hefur náð færninni með ýmsum hætti til dæmis starfsreynslu, starfsnámi, frístundum, námi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Þetta getur



Hildur Elín Vigni framkvæmdastjóri ÍÐUNNAR.

verið bæði formlegt nám innan skólakerfisins og óformlegt nám. Raunfærnimat er mat á þeirri raunfærni sem aflað er utan skólakerfisins inn í skólakerfið. Raunfærnimatið hentar sérstaklega vel þeim sem hafa umtalsverða starfsreynslu, hafa jafnvel byrjað í iðnnámi en ekki lokið því en inntökuskilyrði eru 25 ára lífaldur og a.m.k. 5 ára starfsreynsla.

Fyrst var boðið upp á raunfærnimat í ársbyrjun 2007 en stöðug aðsókn hefur verið að því síðan. Búið er að þróa raunfærnimat í 21 iðngrein og 1310 manns hafa farið í gegnum raunfærnimatið. Metnar hafa verið 40.396 einingar, 57% eða 740 manns hafa farið í áframhaldandi nám og 27% eða 354 hafa lokið sveinsprófi. Mjög gott samstarf er á milli ÍÐUNNAR og framhaldsskólanna

en kennarar innan þeirra hafa sinnt matinu.

Breiðhylltingar vel settir

Breiðhylltingar eru sérstaklega vel settir með Fjölbrautarskólann í Breiðholti sem býr að góðri verknámsaðstöðu og kvöldskóla fyrir þá sem stunda nám með vinnu. Sá stuðningur sem verður í boði í „Menntun núna“ opnar enn fleiri tækifæri en ráðgjafar ÍÐUNNAR og Mímis verða t.d. með fasta viðveru í Gerðubergi á þriðjudögum kl. 16 til 18 auk þess verður boðið upp á stuðningskennslu og fleira. Það kemur skýrt fram hjá þeim sem hafa farið í gegnum raunfærnimatið að það hafi verið nauðsynlegt fyrsta skrefið aftur í nám. Ráðgjafar ÍÐUNNAR leitast við að styðja þátttakendur bæði í ferlinu og eftir að nám er hafið.

Viking
Kebab
Engihjalla 8
Kópavogur

Döner kebab
Lamb, grís og
kjúkling

790,-

Þú velur
einstakar sósur
gerðar af okkur!

Hvítlaufs, sterk, mild eða bland.

Viking Kebab á
facebook

We like when You LIKE us :)

Hægt er að panta í gegnum síma og sækja -7766705- (15-30 mín)

Ferminga- og tækifærisgjafir

Eigum góð úr fyrir fallett fólk og fallett úr fyrir gott fólk
Festina - Casio - Boss - DKNY.

Úrval af vasatólum frá
LEATHERMAN

BEKA&BELL KOLLEKTION 2014

GULL-ÚRÍÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Könnun á íslenskukunnáttu

Fimmtudaginn 3. apríl kl. 17:00 í Gerðubergi 3-5, 1. hæð

Könnunin er til þess að meta á hvaða stigi nemendur eru ef langt er síðan þeir voru á námskeiði eða þá sem kunna eitthvað í íslensku en hafa aldrei verið á námskeiði. **Nauðsynlegt er að skrá sig í könnunina í síma 664 7706 eða í netfang menntun.nuna@reykjavik.is.**

Placement test for Icelandic courses

Thursday 3rd April at 17:00 in Gerðuberg 3-5, 1 floor

The placement test is to evaluate at what level students are if they have not attended courses recently or have some knowledge of Icelandic. **It is necessary to register for the test, tel 664 7706 eða í netfang menntun.nuna@reykjavik.is.**

Sprawdzenie znajomości j. islandzkiego

Czwartek 3 kwietnia, godz. 17:00 w Gerðuberg 3-5, parter

Celem sprawdzianu jest ewaluacja poziomu uczniów, którzy uczęszczali na kurs językowy pewien czas temu albo którzy znają podstawy języka islandzkiego, mimo że nie uczęszczali nigdy na kurs. **Na sprawdzian obowiązują zapisy pod numerem telefonu 664 7706 albo na adres e-mail menntun.nuna@reykjavik.is.**

Styrkir veittur úr Heita pottinum í Breiðholti

Nýlega voru afhentir styrkir úr Heita potti Hins Hússins. Fjármagn úr Heita pottinum er ætlað til þess að styðja við frumkvæði og kraft ungs fólks í Breiðholti. Athöfnin fór fram á viðeigandi stað í Breiðholtslaug. Eva Einarsdóttir, formaður Íþróttta- og tómstundaráðs afhenti styrkina.

Þeir sem hlutu styrki að þessu sinni eru: Hrefna Björg Gylfadóttir vegna ljósmynda af viðburðum, stöðum og fólki sem setur jákvæðan svip á Breiðholtið og ljósmyndasýning á netinu eða í húsnæði í Breiðholti. Anna Sigrún Guðmundsdóttir vegna skrásetningar Breiðholtsins með ljósmyndum og ljósmyndasýningu sem sýnir hversu huggulegt og barnvænt Breiðholtið er. Í lokin verður svo ljósmyndasýning. Anna Sigrún Guðmundsdóttir vegna Instagram leikur Breiðholtsins þar sem fólk tekur myndir og merkir þær. Bestu myndirnar verða síðan valdar á sýningu og verðlaun veitt fyrir efstu sætin. Halla Birgisdóttir vegna myndlistasýningar í Breiðholtsskóla undir heitinu vor í Breiðholti. Sýningin er hugsuð sem liður í að stuðla að jákvæðri mynd hverfisins. Selma Reynisdóttir vegna Sprettur sem er neðanvatnshljóð-



Styrkþegar Heita pottsins ásamt Evu Einarsdóttur formanni íþróttta- og tómstundaráðs.

mynd í Breiðholtslaug og örsagna-seriur settar upp í sem myndir og texti í Mjódd. Mun standa yfir í þrjá mánuði og ný saga sögð í hverjum mánuði. Guðbjörg Fjóra Hannesdóttir vegna Upplifgandi og skemmtilegra setninga á gangstéttir í Breiðholti. Sölvi Steinn Jónsson vegna áframhaldandi vinnu við hjólabraut vestan Breiðholt og Vatnsenda og á að sýna vilja til að efla hjólreiðasamfélagið

í Reykjavík.

Hitt Húsið hefur opnað fyrir umsóknir í Heita Pottinn, verkefnasjóð sem hefur það að markmiðum að virkja ungt fólk til uppbyggilegs starfs í nærumhverfi sínu, að efla hverfisvitund og stuðla að jákvæðri mynd hverfisins. Umsækjendur verða að vera á aldrinum 16 til 25 ára og hafa lögheimili í Breiðholti.



Vinaliðaverkefni stendur nú yfir í Hólabrekkuskóla. Vinaliðar eru nemendur sem sjá um að halda uppi leikjum í löngufrímínútum fyrir samnemendur og er markmiðið að fá sem flesta til að taka þátt í leikjum í frímínútum og auka þannig hreyfingu, auk þess að byggja upp umhverfi þar sem allir eru velkomnir og nemendur geta treyst vinabönd við jafnaldra. Verkefnið er ekki hvað síst hugsað sem forvörn gegn einelti og öðru andlegu álagi, s.s. einmannaleika. Vinaliðar læra nýja leiki á leikjanámskeiðinu, auk þess að fá ágæta leiðtogaþjálfun. Skólunum njóta Vinaliðarnir svo leiðsagnar ákveðins starfsmanns innan hvers skóla sem aðstoðar þá við skipulagningu leikja á skólalóðinni.

*Mikið úrval af vor
og sumarfatnaði á
konur á öllum aldri.*

Sjón er sögu ríkari

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900


LITLA DÓTABÚÐIN
...Hverfisbúðin með góðu verðin

**ALLAR VÖRUR
TAX
FREE
-20,32%
27.3.2014 - 29.3.2014**

**AÐEINS Í
3 DAGA**

★ **LEIKEFÖNG**

★ **BARNASKÓR**

★ **BARNA FATNAÐUR**

★ **KVENMANNSTÖSKUR**

LITLA DÓTABÚÐIN
Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)
Sími: ☎ 571 9559



BRA
**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AÐDUNS**


TOYOTA-þjónusta

- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Friðtjónaskoðun og föst verðtilboð
- 5 stjörnur frá Sjóvá



Réttum og málum allar tegundir bíla
GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510
www.bilasprautun.is

Hátíð í Fellaskól á laugardaginn



Nemendur út Fellaskóla á góðri stundu.

Foreldrafélag Fellaskóla heldur hátíð laugardaginn 29. mars í matsal Fellaskóla. Nemendur láta ljós sitt skína, synja, sýna dans og aðra frábæra hæfileika. Foreldrar leggja einnig sitt af mörkum með kynningu á handverki, mat, tungumáli og fleiru. Nemendur 10. bekkjar sjá um kaffisölu.

Í Fellaskóla eru hæfileikaríkir

nemendur með fjölbreyttan bakgrunn sem gaman og fróðlegt er að kynnast. Markmið hátíðarinnar er að hittast og gleðjast saman og ekki síst að kynnast hæfileikaríkum nemendum og aðstandendum þeirra. Húsið opnar klukkan 13, aðaldagsskráratíðin verða milli 14 og 15 en hátíðinni lýkur kl. 16. Allir velkomnir.



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímann Andrésson
útfararþjónusta



Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elfásson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Verkefnið „Menntun núna“

„Ég vil að sá mikli mannauður sem hér er nýttist borginni allri,“ segir Jón Gnarr borgarstjóri í samtali við Breiðholtsblaðið skömmu eftir undirritun samnings borgarinnar og menntamálaráðuneytisins vegna verkefnisins Menntun núna. Markmiðið er að efla menntun í hverfinu, sérstaklega þeirra sem luku skólagöngu eftir skyldunám. „Það að hafa aðgang að menntun sem er sniðin að hæfileikum þínum og styrk, það er hæfileikum og styrkleikum hvers og eins, á ekki að vera forréttindi heldur réttindi allra,“ segir borgarstjóri.

Breiðholt er stærsta hverfi borgarinnar og íbúasamsetning þess er með fjölbreyttasta móti. Tæplega tuttugu og eitt þúsund manns búa í hverfinu sem er sautján prósent af íbúum Reykjavíkur. Þar af eru um 3700 íbúar Breiðholts sem tala annað móðurmál en íslensku. Það samsvarar um átján prósentum, sem er umtalsvert meira en hlutfallið á landsvísu. Um níu prósent íbúa Íslands hafa annað móðurmál en íslensku. Menntun núna er ætlað öllum þeim íbúum hverfisins sem hafa hug á að halda aftur til náms. Unnið verður með samtökum og samfélögum innflytjenda með því að bjóða upp á íslenskukennslu ásamt því að samþætta þjónustu opinberra aðila varðandi mat á námi frá öðru landi.

Samfélagið veiti færi

„Þetta verkefni snýr auðvitað að því að við viljum gefa þeim tækifæri, sem einhverja hluta vegna hafa hætt í námi eða farið í lítið nám eftir grunnskóla, til þess að bæta við sig eða hefja nám að nýju,“ segir Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra um Menntun núna.

Því fylgir væntanlega átak að koma saman tveimur stjórnsýslustigum, atvinnulífi, félagsamtökum og símenntun í átak af þessari gerð? „Ef ríkur vilji er fyrir hendi til þess að gera vel þá ná menn góðu samstarfi,“ segir Illugi en bætir við að verkefnið sé vissulega nokkuð flókið og á forræði margra en væntanlega megi draga lærdóm af samstarfinu og byggja á því til framtíðar.

Kerfið letjandi

Íbúar Breiðholts komu að mótun verkefnisins en þrír rýnihópar, skipaðir íbúum úr ólíkum áttum, leituðust við að skilja hvaða hindranir mæta þeim sem vilja hefja nám. Í umræðum hópanna kom meðal annars fram að félagslega kerfið eigi til að letja fólk frá námi enda missi það gjarnan framfærslustyrki við það að hefja nám. Innflytjendur fá oft ekki mat á



Nokkrir nemar eða þátttakendur í verkefninu Menntun núna. Myndir. Katrín Kristín.

námi sínu frá heimalandinu. Í rýnihópi sem skipaður var starfandi Íslendingum kom fram að mesta hindrunin væri iðulega tíma- og kjarkleysi, en ekki endilega kostnaður við námið sjálft. Margir töldu sig þurfa á öðrum stuðningi að halda en fjárhagslegum, á meðan á námi stendur. Þá var á það bent að áhugaleysi á áframhaldandi námi getur líka verið til staðar. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Mímir – símenntun og ÍÐAN eru menntastofnanir sem eru aðilar að verkefninu, enda er markmiðið að undirbúa þá sem vilja halda áfram í formlegu námi, til að mynda við fjölbrautaskólann í Breiðholti, að námskeiðinu loknu.

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða meðal annars upp á námsbrautina Námskraft fyrir brottvarfshópin í Gerðubergi, sem hluta af tilbodum Menntunar núna. Í Námskrafti er lögð áhersla á smáa hópa og mikinn stuðning. Kennendur eru íslenska, list- og verkgreinar ásamt stærðfræði og ensku. Námskeiðið nær yfir átta vikur en kenndar eru sex kennslustundir í viku hverri auk tveggja stunda í námstækni, læsi og sjálfsefingar.

Verðum að veita tækifæri

Menntamálaráðherra telur það á ábyrgð samfélagsins að gefa fólki tækifæri til fullrar þátttöku í þjóðfélaginu. Illugi nefnir þar sérstaklega innflytjendur og segist þeirrar skoðunar að Ísland sé betra eftir að fólk hóf að flytja hingað til lands. „Ég er mjög ánægður með að í þessu verkefni er sérstaklega skilgreint hvaða árangri menn ætla sér að ná. Það eru settir fram árangursmælikvarðar sem hægt er að leggja mat á og við sjáum þá hvernig þetta gengur og lærum af því. Ef við ráðumst í önnur eins verkefni í framhaldinu, þá getum

við byggt á þessu.“

Ekki tekið frá þér

„Það er aldrei of seint að fara í nám,“ segir Jannete Buenaventura, félagslíði í Breiðholti. Jannete kom hingað til lands fyrir 16 árum en hún flutti hingað til lands frá Filippseyjum. „Mig langaði alltaf að fara í nám og þegar ég fékk tækifæri til að læra ákvað ég að taka það.“ Jannete segir að hún hafi viljað styrkja stöðu sína á vinnu- markaði og ná betri tengslum við íslenskt samfélag og því hafi hún farið í nám. „Það er ekki auðvelt að læra á öðru tungumáli en mínu eigin. Mér finnst íslenskan erfitt mál en er búin að fara á nokkur námskeið hjá Mími. Síðast fór ég í ritun vegna þess að ég treysti mér ekki til að skrifa mikið.“ Hún segir í námið hafa hjálpað sér mikið. „Menntun er eitthvað sem enginn getur tekið frá þér.“

Gerðuberg er miðjan

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er vettvangur Menntunar núna. Íbúar sem hug hafa á námi geta hafið þá vegferð með innliti í miðstöðina. Aðgangur verður að námskeiðum, ráðgjöfum, námsaðstoð, menningastarfi og kaffispjalli í Gerðuberg. Námsráðgjafar Fjölbrautaskólans í Breiðholti munu í tengslum við átakið veita almenn viðtöl og áhugagreiningar. Boðið verður upp á stöðumat og greiningu fyrir þá sem eiga við lestrar-örðugleika eða lesblindu að stríða. Ráðgjafar þjónustumiðstöðvar Breiðholts bjóða þátttakendum Menntunar núna upp á almenna félagslega ráðgjöf, fjármálaráðgjöf og aðstoð við styrkumsóknir.

Atli Þór Fanndal tók saman.

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

Þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Miðdýr

Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagþjónusta ofl.

Ræsting og Ráðgjöf ehf

Afhliða hreingerningarpjónusta

S. 519 7500 • 770 4630

www.clean.is

Stórglæsileg brúðkaups- og blómasýning í Garðheimum



Stúlkurnar báru af, kjólarnir voru ekki síðri og blómaskreytingarnar glæsilegar á brúðkaups- og blómasýningunni í Garðheimum.

Brúðkaups- og blómasýning var haldin í Garðheimum helgina 15. og 16. mars. Sett voru upp nokkur brúðkaup í mismunandi blómaþemum og fyrirtæki sem bjóða þjónustu og vörur fyrir brúðkaup voru á staðnum.

Mesta athygli vakti þó stórglæsileg tískusýning á laugardegnum á vegum brúðarkjólaleigunnar Tvö Hjörtu. Ástin lá í loftinu og ljóst að margir ætla að láta verða af því að ganga í hjónaband á árinu 2014.

Draumur um betri úthverfi

Á síðustu árum hafa úthverfi Reykjavíkur, sem stundum eru kölluð eystri-byggðir borgarinnar, setið nær algjörlega á hakanum hvað varðar fjárútlát borgarinnar. Svo virðist sem að ávallt sé til fjármagn fyrir allskonar gæluverkefni í mið- og vesturbæ Reykjavíkur, hvort sem um er að ræða litrík fuglahús á Hofsvallagötunni, óþarfa þrengingu Borgartúnsins nú eða háa vegkanta sem hamlar aðgengi fatlaðra á Hverfisgötunni. Hinsvegar er nær ekkert fjármagn til fyrir sérkennslu í úthverfum borgarinnar, ómögulegt er að veita 8. bekkingum sumavinnu í Vinnuskólanum, eðlileg umhirða á borð við snjómokstur og grassláttur er látin mæta afgangi, aðstaða leik- og grunnskóla fer versnandi með ári hverju sökum skorts á viðhaldi og á þetta einnig við aðstöðu íþróttafélaga. Raddir íbúanna eru virtar að vettugi bæði hvað varðar sameiningu skóla og mótun aðalskipulags þar sem samgöngumál eru ofarlega í huga íbúa.

Vonbrigði með meirihlutann

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar getur ekki hunsað íbúa úthverfanna að eilífu. Fyrr en seinna kemur að skuldadögum og þá munu innihaldslaus loforð um allt fyrir alla ekki duga. Hafi borgarfulltrúar þessara flokka jafnvel hinn minnsta áhuga á endurkjöri verða þeir að láta verkin tala og grípa strax til aðgerða í úthverfunum. Ég hef þó

einungis hóflegar væntingar til þess að svo verði.

Ég á mér þann draum að í vor taki við nýr borgastjórnarmeirihluti. Meirihluti sem leggur áherslu á verkefni í öllum hverfum borgarinnar ekki einungis sumum þeirra. Meirihluti sem forgangsraðar þannig að grunnþjónusta sé æðri gæluverkefnum og meirihluti sem hlustar á raddir íbúanna þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir um hverfið þeirra. Vonandi verður þessi draumur minn að veruleika, því annars er framtíð Reykjavíkur því miður ekki björt.

Guðrún Theódórsdóttir, íbúi í úthverfi Reykjavíkurborgar.



Guðrún Theódórsdóttir.

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Hægt að sækja um styrki til Hverfissjóðs



Myndin er frá tölvunámskeiði fyrir eldri borgara í Gerðubergi.

Frestur til að sækja um styrk til Hverfissjóðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 er til 15. apríl n.k. Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einu eða fleiri hverfum eða almennt í borginni. Einstaklingar, hópar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um. Hámarksupphæð hvers styrks er 700.000 krónur.

Tilgangur Hverfissjóðs Reykjavíkur er að styðja við verkefni sem stuðla að eftirtöldum þátt-

um í hverfum borgarinnar: Bættu mannlífi og eflingu félagsauðs. Fegurri ásýnd borgarhverfa. Auknu öryggi í hverfum borgarinnar og samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir. Sótt er um á mínum síðum á Rafrænni Reykjavík. Stjórn sjóðsins fer yfir allar umsóknir og tekur ákvörðun um styrkveitingar í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins og styrkjareglur Reykjavíkurborgar.

TAX FREE
FLUGFARDEGAR FÁ VSK
AF ÖLLUM GLERAUGUM

Reykjavík

GLERAUGNABÚÐIN

SÍMI 527 1515 MJÓDD GÖNGUGÖTU



Tilbúið á einungis 2-3 mín.
Ferskt og fljótlegt!

Passione di Pasta
PASTELLA

Breiðholtið var og er á dagskrá

Það skiptir máli hvað stjórn-
málaframboð segja fyrir kosning-
ar. Ef mál eru sett á dagskrá, kom-
ast þau frekar til framkvæmda.
Fyrir síðustu borgarstjórnarkosn-
ingarnar 2010 setti Samfylkingin
Breiðholtið á dagskrá. Í stefnu-
skrá flokksins var sérstaklega tal-
að um að byrja í Breiðholti þegar
kæmi að viðhaldi og endurnýjun
á húsum og opinberum bygging-
um, auk endurnýjunar borgarum-
hverfis og útisvæða.

Á hugmyndaþingi um Fella-
hverfið sem Samfylkingin hélt í
Leiknishúsinu í apríl 2010 komu
fram hugmyndir m.a. um að end-
urgera göngustíginn á bak við
„lönguvitleysuna“ með því að
taka niður steinsteypuveggi og
skapa samverustaði með bekk-
jum og gróðri, á litlu torgunum
þremur sem eru á stígnum. Ein-
nig að bjóða heimspektum lista-
mönnum að setja upp umhverfis-
listaverk í hverfinu.
Besti flokkurinn kom sá og sigr-
aði í síðustu borgarstjórnarkosn-
ingum. Það var bara flott. Í sam-
starfssamning okkar rötuðu þessi
áhersluatriði Samfylkingarinnar
um Breiðholtið, enda Besti flokk-
urinn til í alls konar eins og borg-
arbrúum er kunnugt. Í samstarfs-
samningnum sagði um Breiðholt-
ið: „Eflingu mannlífs og borgar-
myndar í Efra-Breiðholti verði
hleypt af stokkunum undir merk-
jum átaksins: „111 Reykjavík“.

111 Breið-
holt var sett
á laggirnar
og stóð fyrir
endurnýjun
langa göngu-
stígsins milli
lðufells og
Fannarfells.
En þar var
ekki bara
það. Tvö
stór útilista-
verk eftir
landspektta
(ekki enn
heimspektta)
listamenn prýða nú
gaflinn á Jórufelli og Asparfelli.
Hverfisstjórinn Óskar Dýrmund-
ur var ráðinn til að koma ýmsum
framfaramálum áleiðis. Búið er
að opna FabLab í Fellagörðum
og fjölskyldumiðstöðin Miðjan er
í startholunum í Miðbergi. Fleira
gott nefni ég síðar, en það er þess
virði að athuga hvað framboðin
segja fyrir kosningar.

Það besta við Breiðholtið er
þó að mínu mati náttúran sem
umlykur okkur – og sundlaugin.
Ekkert eitt hverfi státar af við-
líka umgjörð með göngustígum á
heimsmælikvarða. Nú er bara að
njóta þegar brúmið fer að springa
út á trjánum.

*Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi og
formaður hverfisráðs Breiðholts.*



Björk
Vilhelmsdóttur.



Börnin mættu öll í búningum á öskudaginn.

Fjölbreytt í Hraunheimum

Starfið á frístundaheimilinu
í Hraunheimum er mjög fjöl-
breytilegt. Síðustu vikur höfum
við verið með ævintýrahópa
sem hafa verið að fara í göngu-
bingó, farið í njósnaferðir og
skoðað sýningarnar sem eru í
Gerðubergi ásamt að fara á
bókasafnið svo eitthvað sé nefnt.

Á Öskudaginn mættu bæði
börnin og starfsfólkið í búning
og fengu börnin andlitsmálningu.
Eftir hádegið fórum við í Gerðu-
berg á diskótek þar sem diskó-
tekarnir Eric og Starri héldu upp
í stuðinu þar til trúðurinn Wally
mætti og sýndi sirkusatriði með
aðstoð barnanna sem vakti mikla
lukku hjá þeim. Dagurinn endaði
á því slá „köttinn úr tunnunni“ í
Hraunheimum.

Þann 27. mars n.k. verður
Breiðholt got Talent: frístund
haldin meðal frístundaheimilanna
í Breiðholti í samkomusalnum í
Seljaskóla. Eru allir að æfa atriðin
sín á frístundaheimilunum þessa
dagana.



Starfsfólkið lét ekki sitt eftir
liggja og mætti í fjölscrúðugum
öskudagsbúningum.



Formaður borgarráðs, Dagur B. Eggertsson, heimsótti Eddufellið
á dögnum og leit við hjá Péttri í pólsku búðinni, en einsog margir
vita brann búðin nýverið. Pétur lét það ekki aftra sér heldur kom
sér fyrir í lagerhúsnæði á jarðhæð á meðan verið er að gera upp
verslunina, sem opnar á gamla staðnum innan tíðar. “Borgin á
gott að eiga svona hetjur sem láta ekki mótvindinn stöðva sig,”
sagði Dagur á fésbókarsíðu sinni.



Skartgripur með trúarlega merkingu seldur til styrktar blindum
og sjónskertum á Íslandi. Fæst í skartgripa- og gjafaverslunum
og á www.blind.is.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónsketrá á Íslandi
STOFNAD 1939



Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • www.blind.is



Eins og sjá má er starfið í Hraunheimum fjölbreytt.

Ryðvörn undir bílinn með þvottinum

„Við höfum bætt við sérstöku ryðvarnarefni sem verður sprautað undir alla bíla í undirvagnsþvotti. Þetta efni mun ryðverja bílanna að neðan sem er auðvitað gríðarlega mikilvægt í viðhaldi bíla. Ryðvörnin er nýjung hjá okkur og mér skilst að við séum fyrsta þvottastöðin sem býður upp á slíkt hér á landi,“ segir Páll Magnússon hjá Lööri en fyrirtækið býður nú upp á ryðvarnarþvott í svampþvottastöðinni á Fiskislóð 29.

„Þetta er hágæða efni sem myndar vörn á undirvagn bílsins. Efninu er sprautað undir bílinn og þá myndar það nokkurs konar filmu sem ver bílinn fyrir vatni, salti og öðrum ætandi efnum sem valda ryði og tæringu. Við verðum fyrst um sinn með þessa ryðvörn í svampþvottastöð okkar á Fiskislóðinni en munum síðan bæta þessu við á allar aðrar þvottastöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Páll.

Ryðvörnin er enn ein viðbótin í flóruna hjá Lööri en fyrirtækið hefur á undanförunum mánuðum boðið upp á Rain-X sem yfirborðsvörn á allan bílinn. „Rain-X er sannkallað undraefni sem verndar bílinn, hrindir óhreinindum frá, eykur útsýni og öryggi í umferðinni. Rain-X og ryðvörnin eru bara inni í línunni hjá okkur og viðskiptavinir borga bara sama verð og venjulega þegar þeir fara með bílinn í þvott hér í svampbursta-stöðinni á Fiskislóð,“ segir Páll



og bætir við að hann hafi fengið mjög góð viðbrögð frá fjölmörgum viðskiptavinum.

Fullkomnar þvottastöðvar Löörs

Hann segir að Rain-X hjálpi líka til við að stöðva ryðmyndun og auka endingu á lakki. „Efnið stöðvar ryðmyndun á jafnvel illa förunum bílum. Það kemur vissulega ekki í staðinn fyrir lakkhúð en heldur því í skefjum og eykur endingu á lakki í raun út í hið óendanlega ef það er notað reglulega,“ segir Páll. Lööur rekur sex þvottstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og þar eru alls staðar snertilausar þvottastöðvar en auk þess er hin vinsæla svampþvottastöð á Fiskislóð 29



Páll Magnússon hjá Lööri.

þar sem einnig er boðið upp á dekkjasvertu í viðbót við allt annað. Lööur er með opið alla daga vikunnar, líka á sunnudögum.

Öflugri og fegurri hverfi

Hverfissjóður Reykjavíkur auglýsir eftir styrkumsóknum til verkefna sem stuðla að einhverjum eftirtalinna þátta í hverfum borgarinnar:

- Bættu mannlífi og eflingu félagsauðs
- Fegurri ásýnd borgarhverfa
- Auknu öryggi í hverfum borgarinnar
- Samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir.

Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einu eða fleiri hverfum eða almennt í borginni. Einstaklingar, hópar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um.

Hámarksupphæð styrkja er 700.000 krónur.

Umsóknarfrestur er til miðnættis þriðjudaginn 15. apríl 2014



Nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar - www.reykjavik.is/hverfissjodur



Raunfærnimat

Kynningarfundur Í Gerðubergi 3-5, 1 hæð, fimmtudaginn 3. apríl kl. 17

Rágjafar frá IDUNNI fræðslusetri og Mími símenntun kynna raunfærnimat í yfir 30 greinum. Raunfærnimat gengur út á að meta færni og þekkingu sem fólk aflað sér utan skólakerfisins og getur leitt til umtalsverðrar styttingar á námi. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 25 ára lífaldur og 5 ára starfsreynsla.

Á kynningarfundinum verður spurningum þátttakenda svarað og bókuð viðtöl við náms- og starfsráðgjafa sem fer með þátttakanda yfir gögn og námsferil. Kynningar verða á íslensku en hægt verður að nálgast kynningarbæklinga um raunfærnimatið á 8 tungumálum (Pólsku, Rússnesku, Dönsku, Litháísku, Filippseysku, Albönsku, Ensku og Tælensku) sjá www.reykjavik.is/menntun-nuna.

Ráðgjöf frá Mími um raunfærnimat og IDUNNI um raunfærnimat og mat á námi frá öðru landi verður á þriðjudögum kl. 16-18 í Gerðubergi.

Skills evaluation

Meeting in Gerðuberg 3-5, Thursday 3. April at 17:00

Carrier counsellors from IDUNNI education centre and Mími lifelong learning centre introduce and discuss *skills evaluation* in around 30 vocations. *Skills evaluation* is a process that can validate experience and skills to units in the secondary/vocational school system. Entry requirements for *Skills evaluation*: Participants should be at least 25 years old and have 3 to 5 years of professional experience.

The counsellors will schedule interviews for interested participants at the meeting to further introduce the process and necessary documents to confirm their work experience and education. Presentation at the meeting will be in Icelandic but leaflets on *Skills evaluation* will be available in 8 languages, see further at www.reykjavik.is/menntun-nuna.

Counsellors on *Skills evaluation* from Mímir and IDAN will be in Gerðuberg every Tuesday from 16:00 to 18:00. IDAN will also provide counselling on validation on education acquired from another country.

Ocena umiejętności

Spotkanie informacyjne w Gerðuberg 3-5, parter, czwartek 3 kwietnia godz. 17

Konsultanci z IDUNN fræðslusetur oraz Mímir símenntun przedstawiają ocenę wiedzy i umiejętności w ponad 30 dziedzinach. Ocena umiejętności polega na sprawdzeniu umiejętności i wiedzy, które zostały nabyte poza systemem szkolnym i które mogą przyczynić się do znacznego skrócenia okresu nauki. Warunkiem uczestnictwa w ocenie umiejętności jest ukończenie 25 lat życia oraz 3 - 5 lat doświadczenia zawodowego.

Na spotkaniu uczestnicy będą mogli uzyskać odpowiedzi na pytania oraz umówić się na rozmowę z doradcą zawodowym, który zweryfikuje z uczestnikami ich dokumenty oraz przebieg nauki. Spotkania informacyjne będą się odbywały w języku islandzkim, lecz będzie możliwość uzyskania ulotek informacyjnych w 8 językach, dokładniejsze informacje znajdują się na www.reykjavik.is/menntun-nuna.

Porady od Mímir w zakresie oceny umiejętności oraz od IDUNN w zakresie oceny umiejętności i uznania wykształcenia z innego z kraju będą się odbywać w Gerðuberg we wtorki w godzinach 16-18.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignauumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Hvernig er hlúð að geðheilsu á efri árum?

Geðheilsustöð Breiðholts og Hugarafli standa að opnum fræðslufundi fyrir almenning um helstu atriði sem viðkemur geðheilsu á efri árum.



Líney Úlfarsdóttir öldrunarsálfræðingur og Erik Brynjar Eriksen geðlæknir halda bæði erindi um viðfangsefnið.

Eftir hlé verða pallborðsumræður en í pallborði hafa sæti Valgeir Ástráðsson prestur í Seljakirkju, Ólöf Margrét Snorradóttir guðfræðingur í Fella- og Hólakirkju, Bára Emilsdóttir sjúkraliði hjá Heilsugæslunni Breiðholti og Pórey Dögg Jónsdóttir djákni og framkvæmdarstjóri Ellimálaráðs. Öll hafa þau mikla reynslu í málefnum aldraða.

Fræðslufundurinn verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl kl: 17-19, í Félagsmiðstöðinni Árskógum 4. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Fjórði flokkur kvenna skemmta sér vel



Stelpur úr 4. flokki Leiknis.

Fjórði flokkur kvenna gerði sér glaðan dag í síðasta mánuði og fór í Hópeflistíma hjá Magnúsi Guðmundssyni félagsmálafrömuði. Margt skemmtilegt var brallað í ferðinni og þar á meðal var farið í þrautarleik og þeystu stelpurnar um nágreannið og smelltu myndum af sér í gríð og erg við lausnir ýmissa þrauta. Að loknum ratleik var svo skellt sér í pizzuát og skemmt sér konunglega inni félagsmiðstöðinni enda ýmislegt hægt að bralla þar. Í marsmánuði skel-

ltu stelpurnar svo í æfingahelgi til Hveragerði og kepptu við heimamenn og Selfoss í loftbólúhúsinu fræga. Helgin var notuð til að æfa stíft og kíkja á bæjarlífið. Já það er alltaf fjör hjá stelpunum í 4. flokki. Verið velkomnar að kíkja á æfingu. 4. flokkur kvenna (7. og 8. bekkur).
Sunnudagur kl 17:15 á ÍR velli. Miðvikudag kl 17:15 á Leiknisvelli, fimmtudag kl 17:15 á ÍR velli og á laugardagur kl. 12:00 á Leiknisvelli.

Námsver Leiknis gengur vel

Námsver Leiknis opnaði fimmtudaginn 13. febrúar síðastliðinn en Leiknir er fyrsta félagið á Íslandi til að bjóða upp á námsver fyrir iðkendur. Námsverið verður starfrækt í allan vetur í Leiknishúsinu. Námsverið er opið öllum iðkendum Leiknis hvern einasta fimmtudag klukkan 16.00 til 17.00. Kennari og umsjónarmaður í námsverinu er Hrafnhildur Guðjónsdóttir kennari í Fellaskóla og henni til aðstoðar er Birkir Björnsson leikmaður meistara-flokks. Námsverið er hugsað til

að auka áhuga nemanda á náminu. Veita aðstoð við heimanámið og til að ýta undir góðan námsárangur afreksisðkenda. Aðstoðin er gjaldfrjál og hvetjum við alla iðkendur til að nýta sér þennan frábæra kost.
Nú þegar hafa fjölmargir iðkendur Leiknis nýtt sér Námsver Leiknis og um 20 iðkendur hafa verið að mæta í tímana á fimmtudögum. Nánari upplýsingar er hægt fá hjá eftirfarandi aðilum:
Leiknir Reykjavík, tel: 557-8050, 869-7794 e-mail: doddi_tjalfari@hotmail.com

www.leiknir.com



Það er aldrei of seint að byrja!
Skíðaskóli um helgar kl. 11–15.
Brettaskóli Bláfjalla og Mint Snow um helgar kl. 10:30–14:30.
Skráning og nánari upplýsingar á skidasvaedi.is



Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

- Ferðasaga -

Fimmti flokkur drengja fór á Goðamót

Föstudagur

Fimmti flokkur karla fór nú á dögnum í keppnisferð norður á Akureyri. Það var mæting á slaginu átta á föstudagsmorgni í Leiknishúsið og lagt var af stað um níu leytið. Fyrsta stopp var á Blönduósi þar sem að strákarnir fengu að sjálfsögðu holla og góða næringu fyrir átök dagsins en pulurnar á Blönduósi eru sérstaklega næringarríkar. Rútan var komin til Akureyrar um tvö leytið en okkar menn þurftu hinsvegar að bíða fyrir utan þar til að klukkan sló þrjú vegna þess að Akureyningar neituðu einfaldlega að opna fyrir.

A-liðið hóf leik og léku þeir gegn Fjarðarbyggð. Leiknisstrákarnir spiluðu flottan bolta og skorðuðu fyrsta mark leiksins, verðskuldað. „Stoke-bolti“ Fjarðbyggðinga skilaði hinsvegar sínu á endanum og unnu þeir leikinn 2-1 en leikurinn hefði vel geta farið á hinn veginn. B-liðið var næst á dagskrá og léku þeir gegn Gestaliði Þórsara, Þórsarar unnu sannfærandi 5-0 sigur og okkar menn augljóslega stirðir eftir langa rútúferð. Sama var að segja um C-liðið sem var mest skipað drengjum sem hafa ný haf-ið knattspyrnuferil sinn. Seinni leikur föstudagsins gengu illa hjá A og C liði og allt stefndi í það sama hjá B liði þegar Þórsarar komust í 4-1 en okkar menn tóku sig saman í andlitinu og skorðu 3 mörk á síðustu 7 mínútum leiksins og jöfnuðu leikinn. Eftir þetta stórmeistara jafntefli fóru strákarnir heim í skóla og fóru í sund og fljótlega í háttinn eftir það.

Laugardagur

Keppni hófst klukkan 8:30 í Boganum og átti A-Liðið fyrsta leik. A-liði lék gegn KR og voru okkar menn mun betri aðilinn í leiknum og spiluðu flottan bolta en þurftu á endanum að sætta við svekkjandi 1-1 jafntefli. B-liðið hóf leik gegn KA og voru augljóslega ekki vaknaðir og loka tölur í



Ungir menn úr 5. flokki.

þeim leik voru 5-1 norðanmönnum í hag. C-Liðið byrjaði sinn dag ágætlega en töpuðu engu að síður fyrir Neista 2-1 í háspennuleik og miklar framfarir frá fyrstu tveim leikjunum hjá liðinu. Eftir hádegi hófust síðan úrslitariðlar og hóf A-Liðið leik gegn KF/Dalvík og okkar menn kláruðu loksins dæmið og unnu sannfærandi 3-1 sigur eftir að hafa lent undir. B-liðið spilaði gegn Þórs-stelpum og átti þeir ekki í vandræðum með þær og unnu 5-0. C-liðið var sömuleiðis í stuði og léku gegn KR og unnu leikinn 4-1.

Síðdegis kepptu hvert lið einu sinni. A-liðið vann Tindastól í markaleik 8-4. B-liðið vann einnig sinn leik með því að leggja KR 5-2. Bensínið virtist hinsvegar vera búið hjá C-liðsmönnum og töpuðu þeir 7-0 fyrir KR. Eftir langan og strangan dag horfðu drengirnir á stórmyndina Avatar við mikla kátínu Símons fararstjóra sem sat límdur við skjáinn þar til allir strákarnir voru löngu sofnaðir.

Sunnudagur

Aðeins þrír leikir voru á dagskránni hjá okkur á sunnudeg-

inum og voru öll lið í séns á að taka bikar með sér heim. C-liðið hóf keppni og unnu þeir Völsung sannfærandi 5-2 en það var ekki nóg því KR-ingar unnu sinn leik og fóru með sigur að hólmi í riðlinum. B-liðið spilaði næst við Þórsara og sá leikur var hreinn og beinn úrslitaleikur um hvort liðið endaði í fyrsta sætinu í riðlinum. Leikurinn endaði með gríðarlega svekkjandi 2-1 tapi fyrir Þórsurum. A-Liðið spilaði síðan lokaleik dagsins gegn KR-ingum í hörku-leik þar sem Vesturbæingar fóru með sigur af hólmi 2-1 í miklum baráttuleik. Það kom hinsvegar ekki að sök því að Leiknismenn unnu riðilinn á innbyrðisviður-eignum og fengu afhendan bikar í lok leiks. Eftir pulsuveisluna í Hamri fóru strákarnir uppí skóla og komust að því að rútan fór ekki strax í gang en það kom ekki að sök og á endanum lögðum við af stað eftir vel heppnað mót þar sem að strákarnir sýndu oft á tíðum flotta takta og lögðu sig alla fram. Foreldrar eiga mikið hrós skilið fyrir hjálpinu og Símon skilar sérstakri kveðju til Benna fyrir að taka Avatar með norður.

ÍR- og Leiknisvörur

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Miklar framkvæmdir á ÍR svæðinu

Miklar framkvæmdir eru fyrirhugað á ÍR svæðinu í suður Mjódd. Hefja á undirbúning að nýjum æfingavelli fyrir frjálsar íþróttir á ÍR-svæðinu en frjálsíþróttadeild ÍR er ein sú stærsta í Evrópu. Borgarráð samþykkti nýverið samning við Íþróttafélag Reykjavíkur. Til viðbótar munu Reykjavíkurborg og ÍR í sameiningu fara yfir skipulag íþróttamannvirkja ÍR í Suður-Mjódd með eftirfarandi að leiðarljósi.

Að aðal knattspyrnuvelli félagsins verði snúð. Að áhorfendasvæðum verði komið fyrir við knattspyrnuvöllinn. Að grasæfingasvæði verði snúð og sett við hliðina á aðal knattspyrnuvelli. Að gervigrasvöllur verði óbreyttur. Að svæði fyrir puttíggvöll fyrir eldri borgara verði komið fyrir nálægt Árskógum. Að skoðuð verði þörf á bættum bað- og búningsklefum, m.a. vegna frjálsíþróttavallar.

ÍR mun áfram reka íþróttahús Seljaskóla og íþróttahús við Austurberg, en félagið hefur haft reksturinn með höndum sl. þrjú ár. Um er að ræða fullkomin handbolta- og körfuboltahús, en þau hafa bæði verið tekin í gegn síðustu ár, skipt um gólf og áhorf-



Frá undirritun samnings í Ráðhúsi Reykjavíkur. Frá vinstri. Eva Einarsdóttir, formaður íþrótt- og tómstundasviðs, Jón Gnarr borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, Hjálmar Sigurþórsson, formaður ÍR og Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri ÍR.

endaaðstaða endurbætt þannig að þau teljist keppnisvællir í fremstu röð.

Þegar endurskipulagningu svæðisins í Suður-Mjódd er lokið, fyrir 1. maí 2014, munu Reykjavíkurborg og ÍR gera sérstakan samning um framkvæmdir, fjármögnun og tímaröð framkvæmda

á svæðinu. Samkvæmt samningnum er ákveðið að fresta öllum fyrirhuguðum framkvæmdum við byggingu íþróttamannvirkja á vegum félagsins í Suður-Mjódd en ákvörðun um byggingu íþróttahús á svæðinu verður tekin fyrir 1. febrúar 2019.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is



Strákarnir í 9. flokki. Efri röð f.v. Herbert Arnarson, Óskar Capaul, Guðmundur Sigurbjörnsson, Ingvar Hrafn Þorsteinsson, Hörður Frans Pétursson, Hákon Örn Hjálmarsson, Einar Gísli Gíslason. Neðri röð f.v. Rúnar Haraldsson, Ísak Wíium, Haraldur Bjarni Davíðsson, Sveinn Vignir Isaksen, Daniel Dagur Ólason, Skúli Kristjánsson. Myndir: Hákon Örn Hjálmarsson

Sigurkarl og Hákon Örn til Solna

Sigurkarl Jóhannesson var valinn í U16 ára og Hákon Örn Hjálmarsson var valinn í U15 ára í landslið yngri drengja í körfuknattleik.

Landsliðið fer til þess til að taka þátt á Copenhagen Invitational (U15) og Norðurlandamóti yngri landsliða í Solna í Svíþjóð (U16 og U18) síðar á þessu ári. ÍR óskar Sigurkarli og Hákonni til hamingju með valið og óskar þeim góðs gengis í þeim verkefnum sem framundan eru hjá U15 og U16 ára landsliðum Íslands í körfuknattleik.



Sigurkarl Jóhannesson.

Tveir ÍR-ingar landsliðshópi FRÍ

Eftir innanhússtímabilið var nýr landsliðshópur FRÍ valinn og af sex nýjum íþróttamönnum voru tveir ÍR-ingar.

Það eru þeir Sindri Lárusson sem keppir í kúluvarpi og Gunnar Guðmundsson sem keppir í 200

og 400m. Alls eru 29 karlar og 20 konur í hópnum þar af eru 10 ÍR karlar og 9 ÍR konur.

Óskum þeim félögum innilega til hamingju með áfangann og Frjálsíþróttadeild ÍR til hamingju með þennan flotta hóp íþróttamanna.

Einar Daði Íslandsmeistari í sjöþraut

Einar Daði Lárusson sigraði sjöþrautina í karlaflokki með yfirburðum og hlaut 5494 stig á Meistararmót Íslands innanhúss í fjölþrautum sem fram fór helgina 22. til 23. febrúar í Laugardalshöll. Þrautin hjá Einari Daða er sú fyrsta sem hann fer í gegnum í eitt og hálft ár, en hann hefur átt í þrálátum meiðslum allan þann tíma og er nú greinilega að ná sér á strik. Það sem er einkar eftirtektarvert er að Einar Daði var aðeins 80 stigum frá persónulegum meti sínu í þrautinni sem jafnframt er annar besti árangur Íslendinga frá upphafi.

Krister Blær Jónsson vann sjöþrautina í flokki 18-19 ára og bætti sig um 615 stig og hlaut samtals 4900 stig. Krister Blær bætti sig um 60 cm í stangarstökki, bætti sig í 60 m og 1000 m hlaupi og jafnaði sinn besta árangur í kúluvarpi og hástökki. Bætingin í stangarstökki er einsdæmi, en þess má geta að þegar hann hóf æfingar með ÍR í haust átti hann best 3,30m í stangarstökki. Tristan Freyr Jónsson, bróðir Kristers, sigraði í 16 til 17 ára flokknum



Einar Daði Lárusson.

á nýju aldursflokkaleti með 4696 stig. Tristan bætti sig í hástökki, kúluvarpi, 60 m grindahlaupi, stangarstökki og 1000 m og átti frábæra þraut. Hanna Þráinsdóttir vann silfur í fimmtarþraut í stúlknaflokki 16-17 ára. Hún bætti sig í 60m grindahlaupi, kúluvarpi og langstökki og hlaut samtals 2781 stig sem er persónulegt met hjá henni og fjórði besti árangur 16-17 ára stúlku frá upphafi. Glæsilega frammistaða hjá þrautarfólkinu okkar um helgina.

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Níundi flokkur bikarmeistarar

Strákarnir í 9. flokki ÍR í körfu urðu bikarmeistarar um síðustu helgi í mögnuðum úrslitaleik á móti Njarðvík sem endaði 54 - 59. Leikurinn var jafn framan af en í þriðja leikhluta voru okkar menn 11 stigum undir. Í síðasta leikhluta fóru okkar menn á kostum og þar dró vagninn Skúli Kristjánsson sem var valinn maður leiksins.

Þetta er virkilega flottur hópur sem er þjálfður af goðsögninni Herberti Arnarsyni sem gerði garðinn frægan sem leikmaður í háskólaboltanum í USA á yngri árum, sem leikmaður ÍR og sem atvinnumaður í Evrópu. Í úrslitaleiknum voru strákarnir dyggilega studdir af fjölskyldum, góðum ÍR-ingum og síðast en ekki síst af strákunum í meistaraflokki ÍR í körfunni en Örvar þjálfari mætti með þá til Grindavíkur, virkilega vel gert hjá þeim. Það sem gerir þennan titil merkilegan er að þetta er fyrsti titill í yngriflokkum ÍR í körfu síðan 2003. Hægt er að sjá brot af því besta hjá ÍR strákunum úr þessum leik á slóðinni: <https://www.youtube.com/watch?v=7eqVZV8BgCk>,



Boltinn flýgur í körfuna hjá ÍR-strákunum.

Þeir sýndu mikla baráttu og uppskáru glæsilegan sigur að lokum við mikla gleði, þessi myndbrot útskýra það betur en nokkur orð.

Heimasíða
www.ir.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109



Fermingargjöf fyrir framtíðarfólk

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur og frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Framtíðarreikningur ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því góður valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

Leggðu fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning

Þeir sem leggja fermingarpeningana sína, 30.000 kr. eða meira, inn á Framtíðarreikning Íslandsbanka geta fengið **5.000 kr. í mótframlag** inn á Framtíðarreikninginn sinn.*

*Eitt framlag fyrir hvert fermingarbarn

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki